

Alþingi
Erindi nr. P 135/2632
komudagur 7.5.2008

Utanríkisráðuneytið

Skrifstofa þróunarsamvinnu

Helstu áherslur í marghliða þróunarsamvinnu árið 2008

Heildarframlög til þróunarmála á árinu 2008 nema um 3,9 milljörðum króna. Framlög in skiptast gróflega í þrjá flokka: marghliða, tvíhliða og aðra þróunarsamvinnu. Með marghliða þróunarsamvinnu er átt við framlög til alþjóðastofnanna og samtaka, svo sem stofnanna Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðabankans. Tvíhliða þróunarsamvinna er að mestu veitt í gegn um Þróunarsamvinnustofnun Íslands og íslensku friðargæsluna. Samkvæmt fjárlögum er hlutur marghliða þróunarsamvinnu 879,9 mk.kr, hlutur ÞSSÍ 1551,4 m.kr. og friðargæslunnar 465,7 m.kr. og önnur þróunarsamvinna, háskólar SP og neyðar- og mannúðaraðstoð, aðstoð við flóttamenn, viðskiptaþróun o.fl. nemur 859,4 m.kr.

Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru höfð til grundvallar stefnu Íslands í þróunarsamvinnu auk áherslna ríkisstjórnarinnar og utanríkisráðherra. Því er lögð áhersla á stuðning við verkefni sem tengjast mannréttindum, jafnrétti kynjanna, menntun og heilsufari, sérstaklega kvenna og barna. Áhersla er lögð á samstarf á sviði fiski- og orkumála auk viðskiptaþróunar og samstarfs við viðskiptalífíð. Samstarf við frjáls félagasamtök er mikilvægur þáttur í þróunarsamvinnu Íslands, hér á landi og í þróunarríkjum: bæði í hefðbundinni þróunarsamvinnu og vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar. Verið er að leggja lokahönd á aðgerðaáætlun í þróunarsamvinnu Íslands.

Gert er ráð fyrir framlagi til að bregðast við neyðarbeiðnum, bæði á vegum stofnana SP og frjálsra félagasamtaka, þar sem neyðarástand hefur skapast í þróunarríkjum í kjölfar styrjalda, náttúruhamfara eða annarra hörmunga. Framlög til jarðhita- og sjávarútvegsskóla SP á Íslandi nema ríflega 400 m.kr. á árinu. Á síðasta ári var sett af stað verkefni um landgræðsluskóla sem gert er ráð fyrir að verði hluti af háskóla SP að þremur árum liðnum. Landgræðsluskólanum er ætlað að veita sérfræðingum frá þróunarlöndum fræðslu og þjálfun á sviði landgræðslu og jarðvegsverndar. Kostnaður vegna Landgræðsluskólans á árinu nemur 40 m.kr.

Stofnanir Sameinuðu þjóðanna

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna bera hæst framlög til UNIFEM, UNICEF og neyðarsjóðs SP, CERF¹.

Framlög Íslands til UNIFEM, hafa aukist um 280% á undanförunum fjórum árum og er Ísland á meðal þeirra ríkja sem mest greiða til sjóðsins. Stuðningur við UNIFEM hefur einnig falist í því að stjórnvöld hafa kostað unga sérfræðinga til að starfa tímabundið hjá sjóðnum, bæði á vettvangi og í höfuðstöðvunum í New York. Sjóðurinn hefur markað sér þrjú meginsvið, að styrkja fjárhagslega stöðu kvenna, að hvetja konur til forystustarfa og stjórnunar og að berjast fyrir almennum mannréttindum kvenna. Framlög til UNIFEM nema í ár 87,5 m.kr., sem er tæplega 85% hækkun frá fyrra ári. Þar er bæði um að ræða valfrjálst árlegt framlag auk framlaga til sérstakra verkefna þ.e. styrktarsjóðs gegn kynbundnu ofbeldi og stuðningur við eflingu kvenréttinda í Afganistan og jafnréttisverkefni á Balkanskaga og í Palestínu. Þá hefur verið gerður rammisamningur við landsnefnd UNIFEM á Íslandi og nema árleg framlög til hennar 5 m.kr.

UNICEF, er önnur lykilstofnun sem stjórnvöld styðja og nema framlög til stofnunarinnar í ár ríflega 100 m.kr. Er þá ótalin neyðaraðstoð vegna skyndilegra hamfara og/eða langavarandi neyðar sem er ákveðin í framhaldi af neyðarbeiðnum sem berast. Hlutverk UNICEF er að veita þróunarríkjum aðstoð við að bæta hag barna, ungs fólks og kvenna, m.a. með því að tryggja félagslega réttindi þeirra. Áhersla er lögð á verkefni á sviði heilbrigðismála, menntamála og neyðaraðstoðar. Í ár verður 40 m.kr. ráðstafað sem valfrjálsum framlagi og ríflega 60 m.kr., eða einni milljón Bandaríkjadala til verkefnis UNICEF í Gíneu Bissau í samvinnu við Landsnefnd UNICEF á Íslandi. Stefnt er að ná einu þúsaldarmarkmiði SP sem varðar börn. Hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að greiða sem nemur einni milljón Bandaríkjadala á ári til þessa verkefnis í þrjú ár, frá og með árinu 2008. Landsnefnd UNICEF á Íslandi mun leggja samsvarandi fjárhæð til verkefnisins. Auk þess munu 6,3 m.kr. renna til starfsemi UNICEF í Palestínu, skv. aðgerðaáætlun fyrir Miðausturlönd.

Neyðarsjóður SP, CERF var stofnaður í árslok 2005 í þeim tilgangi að bregðast skjótt við hvers konar neyðarástandi, takmarka dauðsföll af þeirra völdum og veita mannúðaraðstoð þar sem illa hefur gengið að fjármagna aðstoð. CERF nýtir sér net stofnanna SP á vettvangi og er fjármagni aðallega veitt í gegn um UNICEF, UNHCR, WFP og WHO.

¹ Central Emergency Response Fund.

Aðrar helstu stofnanir SP sem stjórnvöld styðja á árinu 2008 eru:

- Þróunaráætlun SP (UNDP), sem er stærsta stofnun SP á sviði þróunarsamvinnu.
- Palestínuflóttamannaáðstoðin (UNRWA), sem styður verkefni til aðstoðar palestínskum flóttamönnum. Framlög til UNRWA hafa þrefaldast á undanförunum þremur árum.
- Mannfjöldasjóður SP (UNFPA), sem hefur það að markmiði að auka þekkingu og hæfni þróunarlanda til að fást við vandamál fólksfjölgunar og réttindi mæðra og barna til heilsuverndar.²
- Matvælaáætlun SP (WFP), sem veitir neyðaraðstoð og mataraðstoð til flóttamanna og annarra í neyð, t.d. vegna náttúruhamfara.
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO), sem fjallar um heilsuvernd.
- Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP (FAO) sem m.a. sinnir verkefnum á sviði landbúnaðar og fiskimála.³
- Flóttamannastofnun SP (UNHCR), sem fer með málefni flóttamanna, en talið er að um 20 milljónir manna njóti aðstoðar stofnunarinnar.

Framlög til annarra sértækra stofnanna SP eru smærri, en heildarframlög til stofnanna SP nema á árinu 543,3 m.kr.

Alþjóðabankinn

Hvað varðar stuðning og samstarf við Alþjóðabankann, ber þar helst að nefna framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, (IDA)⁴ sem nemur á árinu 205,4 m.kr. Alþjóðaframfarastofnunin veitir fátækustu þróunarríkjunum aðstoð í formi mjúkra lána, styrkja og ábyrgða. Auk þess taka stjórnvöld þátt í bæði HIPC og MDRI skuldafléttingaráttökunum⁵. Framlög til sjóða á vegum Alþjóðabankans eru veitt til sjóða sem endurspegla áherslur stjórnvalda.

ESMAP⁶ er verkefni sem miðar að því að stuðla að aukinni og skynsamlegri nýtingu orku til þess að draga úr fátækt og auka efnahags- og félagslegar framfarir í þróunarríkjum. Framlag Íslands til ESMAP á árinu er 31,6 m.kr.

² Hér er átt við hugtakið "reproductive rights".

³ Fiskimál hefur víðtækari merkingu en sjávarútvegsmál og nær yfir veiðar og eldi fisks og fleiri dýra úr sjó og vötnum; meðferð, vinnslu, dreifingu og sölu sjávar- og eldisafurða.

⁴ International Development Association.

⁵ Highly Indebted Poor Countries (1996) og Multilateral Debt Relief Initiative (samþ. í kjölfar G8 fundar í Gleneagles 2005).

⁶ The Energy Sector Management Assistance Programme.

PROFISH styður við þróun og undirbúning verkefna á sviði fiskimála, en íslensk stjórnvöld hafa farið fremst í flokki þeirra ríkja sem vinna með Alþjóðabankanum á sviði fiskimála. Framlag til PROFISH á árinu nemur 33 m.kr.

Aðgerðaáætlun um jafnréttismál var hrundið af stað haustið 2006 og miðar að því að auka efnahagslegt sjálfstæði kvenna og þar með almennan efnahagsvöxt í þróunarríkjum. Framlag Íslands á árinu er 12,6 m.kr.

Stjórnvöld hafa undanfarin ár stutt verkefni innan Alþjóðabankans sem snýr að úttektum viðskiptaumhverfi í aðildarlöndunum (*Doing Business*) og er framlagið á árinu einnig 12,6 m.kr.

Loks ber að nefna ráðgjafasjóð Alþjóðafjármálastofnunarinnar, (IFC⁷) þar sem Ísland leggur fé í ráðgjafasjóð sem miðar að því að nýta íslenska sérfræðipækkingu í þróunarlöndum, sérstaklega í orkugeiranum. Önnur framlög til sjóða á vegum Alþjóðabankans eru smærri, en heildarframlög nema 346,8 m.kr.

Önnur þróunarsamvinna

Önnur alþjóðleg verkefni og sjóðir sem stjórnvöld styðja eru m.a. Alþjóða rauði krossinn, Alþjóðasjóður gegn alnæmi, berklum og malaríu, Alþjóðasjóður gegn fuglaflensu og nýverið hófu stjórnvöld að styrkja sjóð sem aðstoðar þróunarríki til að aðlagast betur að alþjóðalega viðskiptaumhverfinu.

Helstu útgjaldaliðir sem falla undir aðra þróunarsamvinnu eru jarðhita- og sjávarútvegsháskólar SP, auk landgræðsluskóla eins og áður var getið.

Samstarf við frjáls félagasamtök hefur aukist á undanförunum árum og er á árinu gert ráð fyrir að 120 m.kr. verði veitt til íslenskra félagasamtaka sem vinna að neyðar- og mannúðaraðstoð. Nýverið voru samþykktar verklagsreglur um samstarf við frjáls félagasamtök sem vinna að neyðar- og mannúðaraðstoð og er nú unnið samkvæmt þeim reglum.

Smáeyþróunarríki (SIDS)⁸ með aðild að SP eru 38 og eru 36 þeirra þróunarríki. Hafa fulltrúar þessara ríkja leitað eftir stuðningi og horft til Íslands sem fyrirmynd að sjálfbærri efnahags- og félagslegri þróun bæði innan SP og Alþjóðabankans. Samstarf við SIDS hefur staðið allt frá árinu 2005. Í „*Doing Business*” verkefninu sem minnst var á að ofan hefur framlag Íslands sérstaklega verið nýtt til úttekta á viðskiptaumhverfi í smáeyþróunarríkjum. Sérstök áhersla er lögð á loftslags- og umhverfismál, orku- og fiskimál auk jafnréttismála. Verkefnið er unnið í

⁷ International Finance Corporation.

⁸ Small Island Developing States.

samstarfi við svæðisbundin samtök í annars vegar Kyrrahafi og hins vegar Karíbahafi, með aðkomu ÞSSÍ.

Áherslusvæði

Landfræðilega leggur utanríkisráðuneytið áherslu á **Afríku sunnan Sahara**, þar sem flest fátækustu ríki heims er að finna. Þar má telja fjögur tvíhliða samstarfslönd Íslands, Malaví, Mósambík, Namibíu og Úganda. Auk þess hefur verið litið til ríkja í vestur Afríku, þar sem íslensk frjáls félagasamtök, einstaklingar og fyrirtæki hafa stutt við hin ýmsu þróunar- og neyðarverkefni s.s. Líberíu, Sierra Leone og Guinea Bissau. Stjórnvöld hafa veitt neyðar-mannúðaraðstoð til ríkja á áttaksvæðinu vestan við Viktoríuvatn, en þar er m.a. að finna Austur-Kongó, þar sem starfrækt er stærsta friðargæsluverkefni á vegum SP vegna langvarandi stríðsástands og hörmunga. Auk þess er í Darfúr-héraði í Súdan starfrækt stærsta mannúðarverkefni á vegum SP og hafa stjórnvöld stutt við það verkefni m.a. með framlögum í sjóð á vegum Alþjóðabankans, í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar og með framlagi frá íslensku friðargæslunni. Unnið er að sérstakri aðgerðaáætlun fyrir Afríku.

Einnig er lögð áhersla á stuðning við **Miðausturlönd** eins og fram hefur komið og er lýst í aðgerðaáætlun sem lögð hefur verið fram til kynningar hjá utanríkismálanefnd. Samkvæmt áætluninni sem er til þriggja ára, er lögð megináhersla á herteknu svæðin í Palestínu, en einnig tekur hún til flóttamanna frá Írak, bæði innan Íraks, þ.e. fólks á vergangi og flóttamanna í nágrennalöndunum. Gert er ráð fyrir einni milljón Bandaríkjadala til verkefna í Miðausturlöndum á þessu ári. Í fjárhæðinni felst stuðningur við stofnanir SP, palestínsk stjórnvöld og frjáls félagasamtök.

Einstök ríki njóta einnig sérstaks stuðnings vegna neyðar- og/eða mannúðarástands, og má þar nefna Afganistan og Srí Lanka, en íslenska friðargæslan hefur starfað í báðum löndum. Auk þess starfar ÞSSÍ á Srí Lanka.

Loks er eins og fram hefur komið sérstök áhersla á samstarf við smáeyþróunarríki.

Utanríkisráðuneytið, 5. maí 2008.

Framlög til þróunarsamvinnu 2008

	m kr
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.551,40
Íslenska friðargæslan	465,7
Sameinuðu þjóðirnar	523,3
UNICEF	103,2
UNIFEM	80,8
UNDP	37,9
OCHA	40,7
Neyðaraðstoð	55,8
Ungliðar á vegum SP	70
UNRWA	19
Annað SP*	115,9
Alþjóðabankinn	359,4
Ymis verkefni	154
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	205,4
Önnur marghliða þróunaraðstoð	151,6
Frjáls félagasamtök á Íslandi	120
Háskólar SP á Íslandi	400,8
Móttaka flóttamanna	57,5
Eyjarverkefnið	68,8
Utanríkisráðuneyti og sendiskrifstofur	112,5
Annað	89,8
Alls	3.900,80

* Annað SP: FAO, UNFPA, UNFVT, UNITAR, UNHCR, WHO, IAEA, WTO, WFP

Hlutfall af vögum þjóðartekjum: 0,3%

Mv. Við spá í janúar 2008 um vegar þjóðatekjur á árinu (m.kr): 1.307.300

Skipting framlaga til þróunarsamvinnu 2008:

ÞSSI	1551,4	40%
Friðargæsla	465,7	12%
Fjölbjóleg þróunar-samvinna	1883,7	48%
	3900,8	100%

Skipting framlaga til fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu 2008:

Sameinuðu þjóðirnar	523,3	28%
Alþjóðabankinn	359,4	19%
Önnur marghliða þróunaraðstoð	151,6	8%
Frjáls félagasamtök	120	6%
Háskólar SP	400,8	21%
Móttaka flóttamanna	57,5	3%
Eyjarverkefnið	68,8	4%
Utanríkisráðun. og sendiskrifst.	112,5	6%
Annað:	89,8	5%
	1883,7	100%

Framlög til þróunarsamvinnu 2007

m kr

Þróunarsamvinnustofnun Íslands		1.136,40
Íslenska friðargæslan		613,80
Sameinuðu þjóðirnar		362,60
	UNICEF	65
	UNIFEM	43,4
	UNDP	26,5
	OCHA	41,2
	UNHCR	25
	Ungliðar á vegum SP	48,5
	UNRWA	15,2
	FAO	26,8
	Annað SP*	71
Alþjóðabankinn		321,30
	Ýmis verkefni	115,9
	Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	205,4
Önnur marghliða þróunaraðstoð		83,70
Friðs félagasamtök á Íslandi		85,10
Háskólar SP á Íslandi		291,60
Móttaka flóttamanna		57,00
Ýmis framlög og neyðaraðstoð		61,60
Utanríkisráðuneyti og sendiskrifstofur		79,00
Alls		3.092,10

* Annað SP: FAO, UNFPA, UNFVT, UNITAR, UNHCR, WHO, IAEA, WTO, WFP

Hlutfall af vergum þjóðatekjum: 0,25%

Mv. Við spá í janúar 2008 um vegar þjóðatekjur á árinu 2007 (m.kr): 1.251.900


Skipting framlaga til þróunarsamvinnu 2007:

ÞSSI	1136,4	37%
Friðargæsla	613,8	20%
Fjölbjóleg þróunar-samvinna	1341,9	43%
	3092,1	100%


Skipting framlaga til fjölbjóðlegrar þróunarsamvinnu 2007

Sameinuðu þjóðirnar	362,6	27%
Alþjóðabankinn	321,3	24%
Önnur marghliða þróunaraðstoð	83,7	6%
Friðs félagasamtök	85,1	6%
Háskólar SP	291,6	22%
Móttaka flóttamanna	57	4%
Ýmis framlög og neyðaraðstoð	61,6	5%
Utanríkisráðun. og sendiskrifst.	79	6%
	1341,9	100%


Skipting framlaga til fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu 2008




Skipting framlaga til þróunarsamvinnu 2008



Skipting framlaga til þróunarsamvinnu 2007



Skipting framlaga til fjölpjóðlegrar þróunarsamvinnu 2007



Utanríkisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Utanríkismálanefnd**
Sendandi: **Utanríkisráðuneyti**
Dagsetning: **03.04.2008**
Málsnúmer: **UTN08010289**
Bréfalykill: **09.V.140**

Efni: Aukin verkefni og samstarf íslensku friðargæslunnar með Sameinuðu þjóðunum

Á næstu vikum og mánuðum er ætlunin að fjölga töluvert þeim verkefnum sem íslenska friðargæslan tekur þátt í með Sameinuðu þjóðunum og hefja á ný samstarf með friðargæsluskrifstofu Sameinuðu þjóðanna (DPKO) á sviði lögregluverkefna. Þetta er í samræmi við þá stefnumörkun sem ráðherra hefur kynnt fyrir þinginu, bæði í skýrslu og umræðum í nóvember, en einnig með gerð og kynningu starfsáætlunar fyrir Mið-Austurlönd.

Eftirfarandi er yfirlit yfir þær stöður sem verið er að huga að og verkefni sem liggur fyrir að taka þátt í. Auk þess er gerð grein fyrir þeim stöðum sem nú þegar eru á vettvangi með Sameinuðu þjóðunum. Yfirlitið tilgreinir stöður eftir svæðum, en gerð er grein fyrir með hvaða stofnun er starfað og í hverju verkefni og starfið felst, í textanum.

Í stuttu máli er staðan sú að þegar eru níu langtímastöður mannaðar, fjórar bæstast við í sumar og verið er að undirbúa tvær stöður til viðbótar fyrir haustið. Samtals verða a.m.k. 13-15 manns að störfum til lengri tíma undir beinni stjórn Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra. Þessu til viðbótar verða áfram tímabundin verkefni, einkum í Mið-Austurlöndum og Afríku.

Mið-Austurlönd

Í Líbanon starfa fimm manns á vegum friðargæslunnar. Íslenskur friðargæsluliði (bráðataeknir), hefur starfað þar um tæplega 18 mánaða skeið og sér um skipulag viðbragðsmála, þjálfun og menntun líbanskra bráðataekna sem starfa með sænsku hjálparstofnuninni SRSA (Swedish Rescue Services Agency). Starfið fer fram undir merkjum S.þ. á vegum MACC-SL (Mine Action Centre - South Lebanon) - aðgerð Sameinuðu þjóðanna til sprengjuhreinsunar í Líbanon. Starfað er frá borginni Týrus (Tyre) í suðurhluta Líbanon og tók Landhelgisgæslan þátt í sprengjueyðingarverkefni þar fyrir friðargæsluna á síðasta ári. Nú hafa þrír starfsmenn (sprengjueyðingarteymi) farið aftur á vegum íslensku friðargæslunnar - tímabundið - til starfa í Líbanon að beiðni Sameinuðu þjóðanna, en það verkefni mun standa fram í júní n.k.

Innan UNRWA, Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínnumenn, er ein langtímastaða í Beirút, sérlegur aðstoðarmaður yfirmanns UNRWA í Líbanon. Staðan hefur verið mönnuð frá byrjun janúar 2008.

Í Palestínu starfar einn barnaverndarfulltrúi með UNICEF og hefur sú staða verið mönnuð í tæplega ár og ætlunin er að manna hana áfram. Viðkomandi starfsmaður er staðsettur í Jerúsalem. Ætlunin er að bæta við stöðu í Palestínu i vor, með samræmingarskrifstofu Sameinuðu þjóðanna um mannúðar- og neyðaraðstoð (OCHA). Þannig verða tveir starfandi á hverjum tíma í Palestínu.

Í Sýrlandi hefur verið ákveðið að bæta við stöðu með Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Fulltrúinn sem fer til starfa í apríl mun starfa með íröskum flóttamönnum, með sérstaka áherslu á hagsmunagæslu kvenna og stúlkna. Útlit er fyrir að annar starfsmaður friðargæslunnar taki til starfa í Sýrlandi í sumar á vegum UNICEF, einnig í þágu írakskra flóttamanna.

Samtals eru því fjórar stöður nú þegar mannaðar, tvær stöður áætlaðar til viðbótar í sumar og ætlunin að eiga áfram samstarf við Landhelgisgæslu um sprengjueyðingarverkefni, þar sem þrjár eru að störfum á hverjum tíma.

Afrika

Í Liberíu hefur verið mönnuð staða sérfræðings með UNIFEM frá því á síðasta ári. Snýr starfið að eflingu og uppbyggingu í málefnum kvenna, m.a. með stuðningi við félagasamtök og stjórnsýslu. Staðan verður mönnuð áfram í samráði við UNIFEM og er ein af þremur stöðum sem samkomulag var gert við UNIFEM um að manna í um þrjú ár (2007-2010). Unnið er að því að efla samstarf með friðargæsludeild S.þ. (DPKO) og er í undirbúningi að koma að verkefnum lögreglusviðs friðargæslusveitanna, með því að tveir friðargæsluliðar taki þátt í verkefnum á þeirra vegum í Liberíu.

Í vor taka til starfa tveir friðargæsluliðar með UNICEF í Suður-Súdan. Annars vegar er um að ræða starf við umsjón birgða- og flutningastjórnun og hins vegar barnaverndarfulltrúa, en stærsta verkefni UNICEF á heimsvísu er í Súdan. Ekki er ætlunin að íslenskir friðargæsluliðar fari um svæði þar sem öryggisástand er með versta móti, svo sem í Darfur. Á síðasta ári starfaði friðargæsluliði tímabundið við birgðastjórn með Matvælaáætlun S.þ. (WFP) í Súdan. Með viljayfirlýsingu og samstarfssamkomulagi árið 2007 var staðfest að vilji væri til þess að manna að lágmarki þrjár stöður á hverjum tíma með UNICEF og eru þá tvær í Súdan og ein í Palestínu í sumar, en fjórða staðan hugsanleg í Sýrlandi sbr. umfjöllun að ofan.

Ísland hefur stutt starfsemi rannsóknarstofnunar á sviði afrískra öryggismála, *Institute for Security Studies* (50,000 USD árið 2007). Hluti framlagsins var eyrnamerkur rannsóknarverkefni stofnunarinnar á aðkomu kvenna að friðaruppbyggingu í Afríku, m.a. á grundvelli áyktunar 1325 um konur, frið og öryggi.

Samtals eru því þrjár stöður þegar mannaðar í Afríku og ætlunin að manna tvær til viðbótar nú í byrjun sumars, þannig að samtals verði fimm manns að störfum að jafnaði. Ennfremur er samstarfssamningur við Matvælaáætlun S.þ. þannig að skammtíma stöður (3-4 mán.) verða mannaðar þegar ákall berst og kostur er á slíku af hálfu friðargæslunnar.

Balkanskagi

Á *Balkanskaga* var lengi mönnuð ein staða jafnréttisfulltrúa með UNIFEM, fyrst í Kosovo um nokkurra ára skeið, síðan í stærra verkefni UNIFEM fyrir lönd Balkanskaga með staðsetningu í Serbíu. Sú staða er mönnuð áfram, en jafnframt hefur önnur staða bæst við frá miðju árinu 2007. Sú staða er í Makedóníu en verður flutt til Bosníu haustið 2008 skv. beiðni UNIFEM. Friðargæslan mun áfram manna tvær stöður í þessu verkefni.

Auk þessa eru þrjár stöður mannaðar til viðbótar á Balkanskaga, tvær stöður lögreglumanna í Bosníu undir stjórn ESB og ein staða yfirmanns skrifstofu Evrópuráðsins í Kosovo. Þessu til viðbótar er stefnt að þátttöku í verkefni ESB sem hefst í Kosovo í sumar og haust og snýr að uppbyggingu réttarfars, lögreglu og refsivörslukerfis, svokallað EULEX verkefni. Stefnt er að því að manna tvær

stöður í því verkefni auk þess sem til skoðunar er að leggja til einn mann til KFOR, verkefnis Atlantshafsbandalagsins í Kosovo.

Samtals eru því tvær stöður undir beinni stjórn Sameinuðu þjóða stofnunar á Balkanskaga, en þrjár langtímastöður í verkefnum undir stjórn annarra alþjóðastofnana, auk þess sem 2-3 slíkar stöður eru fyrirhugaðar til viðbótar.

Aðgerðaráætlun vegna ályktunar 1325 frá 2000

Þann 8. mars kom út aðgerðaráætlun Íslands vegna ályktunarinnar og felur hún í sér áherslur og verkefnanálgun sem samræmist efni og anda ályktunarinnar. Í tengslum við áætlunina verður starf varðandi þjálfun og undirbúning eftl. Þátttaka í störfum ríkjahópa innan Sameinuðu þjóða starfsins sem vinna að framgangi kvenna í eftirleik stríðs og átaka aukin og stutt við verkefni sem stuðla að slíkri eflingu. Aðgerðaráætlunin var send utanríkismálanefnd, en einnig dreift til allra þingmanna í tengslum við skýrslu ráðherra til Alþingis 9. apríl sl.

